



Hverfið mitt 2022 austur
Stálstigar í Breiðholti og Gufunesi
Útboðs- og verklýsing
Tilboðsblað og Tilboðsskrá

Útboð 15585

Júlí 2022



Hverfið mitt 2022 austur

Stálstigar í Breiðholti og Gufunesi

Útgefandi:

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartún 12 – 14, 105 Reykjavík, Sími 411 11 11

www.reykjavik.is/usk / usk@reykjavik.is

Umsjón Skrifstofa framkvæmda og viðhalds Reykjavíkurborgar

Efnisyfirlit

Tilboðsblað	1
Tilboðsskrá.....	2
0 Útboðs- og samningsskilmálar	0-3
0.1 Útboð.....	0-3
0.2 Tilheyrandi gögn	0-3
0.3 Verksvið, stutt yfirlit yfir verkefnið	0-4
0.4 Kröfur til verktaka.....	0-4
0.5 Skýringar á útboðsgögnum.....	0-5
0.6 Gerð og frágangur tilboðs	0-5
0.7 Fylgigögn með tilboði	0-6
0.8 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs	0-6
0.9 Afhending og opnun tilboða.....	0-6
0.10 Mat á tilboðum.....	0-7
0.11 Verksamningur	0-7
0.12 Greiðslur	0-7
0.13 Veðsetningar – Eignarréttarfyrrvarar	0-8
0.14 Verðlagsgrundvöllur	0-8
0.15 Afhending og afhendingarskilmálar	0-8
0.16 Tafabætur	0-8
0.17 Verktrygging	0-8
0.18 Ábyrgð verktaka	0-8
0.19 Aðstaða, umhirða og frágangur.....	0-8
0.20 Gæði verksins	0-8
0.21 Eftirlit verkkaupa	0-9
0.22 Ágreiningsmál.....	0-9
0.23 Efnisval og vinnuaðferðir	0-9
0.24 Verklokaúttekt.....	0-9
0.25 Undirtilboð	0-9
0.26 Verkefnavefur.....	0-9
8.1 Stálstigi	0-9
8.1.0 Almennt	0-9
8.1.1 Skýring á magntölum og einingarverðum	0-10
8.1.2 Stálstigar	0-10

Tilboðsblað

Undirritaður gerir hér með umhverfis- og skipulagssviði eftirfarandi tilboð í: **Hverfið mitt 2022 austur. Stálstigar í Breiðholti og Gufunesi** samkvæmt meðfylgjandi verklýsingu og tilboðsskrá.

Heildartilboðsverð með vsk.:

Nokkur sérákvæði almennra skilmála.

Verklok:	Áætluð afhending fyrir 30. sept. 2022
Tafabætur:	50.000 kr./dag
Verktrygging:	Á ekki við
Opnunartími tilboða:	15.8.2022 – kl. 10:00
Opnunarstaður tilboða:	Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar Borgartún 12 - 14 105 Reykjavík, Sími 411 1111 Netfang: utbod@reykjavik.is

Yfirlýsingar:

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirvertaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Bjóðandi lýsir því yfir að viðskiptasaga hans er eðlileg og uppfyllir kröfur útboðsgagna. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll skilyrði um eðlilega viðskiptasögu helstu eigenda og stjórnenda bjóðanda séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef í ljós kemur á samningstíma að hann hafi ekki uppfyllt skilyrði um eðlilega viðskiptasögu við opnun tilboða eða síðar á samningstíma getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Dags. _____

Nafn bjóðanda _____ Kt: _____

Heimilsfang _____ Póstnr. _____

Sími _____ Gsm. _____ Netfang _____

Undirskrift _____

Tilboðsskrá

NR.	HEITI VERKÞÁTTAR	MAGN	EIN.	EIN.VERÐ		ALLS kr.
8	FRÁGANGUR SVÆÐA					
8.2	MANNVIRKI					
8.2.2	Stálstigar					
	Stálstigi Breiðholti	1	heild			
	Stálstigi Gufunesi	1	heild			
	Kaflí 8.2 Mannvirki samtals:					
	KAFLI 8 - FÆRIST Á TILBOÐSBLAÐ:					

0 Útboðs- og samningsskilmálar

0.1 Útboð

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 -14, óskar eftir tilboði í verkefnið:

Hverfið mitt 2022 austur Stálstigar í Breiðholti og Gufunesi

samkvæmt lýsingu þessari og öðrum þeim gögnum, sem hér eru eftirtalin sbr. gr. 0.2.

ÚTBOÐSYFIRLIT

• Kynningarfundur	Ekki haldinn	
• Fyrirspurnatíma lýkur	9. ágúst 2022	
• Svarfrestur rennur út	11. ágúst 2022	
• Opnunartími tilboða	15. ágúst, og kl. 10:00	Sjá nánar gr. 0.8
• Upphaf verks	Við undirritun samnings	
• Áætluð afhending	30. september 2022	Sjá nánar gr. 0.15
• Kröfur til bjóðenda	Sérstakar kröfur gerðar um hæfni og reynslu bjóðanda	Sjá nánar gr. 0.4
• Tafabætur	50.000/dag	Sjá nánar gr. 0.16
• Verðlagsgrundvöllur	Verkið verðbætist ekki	Sjá nánar gr. 0.14
• Frávikstilboð	Eru ekki heimiluð	Sjá nánar gr. 0.9
• Fylgigögn með tilboði:		Sjá nánar í gr. 0.2

Opnunarstaður tilboða Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar,
Borgartúni 12 -14. 105 Reykjavík. Sjá nánar gr. 0.8

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

Farið verður með allar framlagðar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

0.2 Tilheyrandi gögn

Eftirfarandi gögn tilheyra útboðinu:

- Almennir skilmálar og verklýsing þessi
- Teikningar: Afstöðumynd af fyrirhugaðri staðsetningu.
- Íslenskir staðlar. ÍST - 30 6. útgáfa 2012-01.09. eftir því sem við á í þessu útboði og væntanlegum verksamningi.

- Opinberar reglugerðir og allir staðlar sem gilda um byggingar af þessu tagi og varða verkefni þetta.

Bjóðandi skal sjálfur útvega sér þau lög, reglugerðir, staðla og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.3 Verksvið, stutt yfirlit yfir verkefnið

Um er að ræða smíði á stálstiga milli efra og neðra Breiðholts og stálstiga í Gufunesi frá göngustíg niður í fjöru. **Verkið snýst um útvegum og framleiðslu á fullbúnum stiga með þrepum**, millipöllum og handriðum ásamt undirstöðum og jarðvegsskrúfum. Stiginn skal vera heitgalvanhúðaður og ristarþrep og pallar skulu hafa gott hálkuvíðnám.

0.4 Kröfur til verktaka

A. Krafa um hæfni og reynslu

Bjóðandi, hér eftir einnig kallaður verktaki, skal sýna fram á reynslu af stálstigum sem hann býður fram í þessu útbóði. Heimilt er að byggja á reynslu erlendra birgja og samstarfsaðila.

Gerð er krafa um að verktaki vísi í að minnsta kosti tvö sambærileg verkefni s.s. hvað varðar lengd stálstiga og gerð festinga.

Ef verktaki uppfyllir ekki ofangreindar kröfur getur tilboði hans verið vísað frá.

B. Krafa um fjárhagslegt hæfi

Gerð er krafa um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld og lífeyrissjóðsiðgjöld. Sjá gr. 0.7.

C. Krafa um eðlilega viðskiptasögu

Bjóðendur skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá. Þegar um er að ræða fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fyrirtæki sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki sínu með vottorði.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmennni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opnunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. Fyrirtæki hefur brotið gegn innlendum eða alþjóðlegum kröfum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
2. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
4. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
5. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
6. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1. - 6. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

0.5 Skýringar á útboðsgögnum

Óski verktaki eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, eða hann verður var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar skriflega fyrirspurn eigi síðar en fram kemur í útboðsyfirliti í kafla 0.1.

Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

Fyrirspurnin skal merkt númeri útboðs og send í gegnum útboðsvef Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar <http://utbod.reykjavik.is>.

0.6 Gerð og frágangur tilboðs

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar mælir með að bjóðendur kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar og undirbúi afhendingu fyrirspurna og skil á tilboðum með góðum fyrirvara. Innkaupadeild getur ekki tryggt að bjóðendur fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupadeild mun leitast við að aðstoða bjóðendur við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveim virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

Bjóðendur skili inn gögnum rafrænt inn á útboðsvef innkaupadeildar <http://utbod.reykjavik.is>.

Bjóðendur skulu í tilboðum sínum gefa heildarverð í verkið, eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Frávikstilboð eru óheimil.

Tilboð eru óbindandi og samningssamband kemst ekki á fyrr en við undirritun samnings eða við pöntun.

Bjóðandi þarf að gera grein fyrir tæknilegri útfærslu, gæðum og áreiðanleika þeirrar lausnar sem hann býður fram.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

Bjóðendum er heimilt að leggja fram öll þau gögn sem hann telur viðeigandi, en skýr og góð gögn auðvelda verkkaupa mat á tillögu hans.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir sýnishornum af efnisvali áður en til samninga kemur.

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum þessum. Fylla skal út meðfylgjandi tilboðsblað og tilboðsskrá eins og texti þeirra segir til um, sé slíkt ekki gert áskilur kaupandi sér þann rétt að vísa tilboði frá.

Í hverjum einstökum lið skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka, vegna viðkomandi verkliðar, svo sem yfirstjórn, opinber gjöld, þar með talinn virðisaukaskattur, ágóði, vinnuaðstaða, frágangsverk svo og önnur lögboðin gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu.

Ef margföldunar- eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá verða gerðar viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs samkvæmt boðnu einingaverði.

0.7 Fylgigögn með tilboði

Bjóðendur skulu skila inn tilboðsskrá og undirrituðu tilboðsblaði á rafrænu formi, sjá grein „0.6 Gerð og frágangur tilboðs

Skila skal inn eftirtöldum fylgigögnum með tilboðinu:

- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði/lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé í skilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og/eða lífeyrissjóðsiðgjöld vegna starfsmanna.

Þessar staðfestingar skulu vera dagsettar innan 30 daga fyrir opnun tilboða. Geti bjóðandi ekki sýnt fram á skilvísi sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.

Einnig skal skila:

- Almennar upplýsingar um bjóðanda, svo sem fyrirtæki hans og starfslið.
- Skrá yfir helstu verk og lýsingu á reynslu bjóðanda í sambærilegum verkum.
- Skrá yfir efnissala og efniseiginleika.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimilda til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1-5 töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfssemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

0.8 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 6 vikur frá opnun tilboða.

Ákvæði um frest til að taka tilboði eru í grein 2.6 í ÍST 30.

0.9 Afhending og opnun tilboða

Tilboðum ásamt umbeðnum gögnum skal skila með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar <http://utbod.reykjavik.is>

Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að uppgefinn tilboðsfrestur er útrunninn.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum, sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Það verður ekki haldinn opnunarfundur opin bjóðendum. Niðurstaða útboðsins verður kynnt öllum bjóðendum á útboðsvefnum.

0.10 Mat á tilboðum

Innifalið í heildarverði skal vera allur kostnaður við verkið, þar með talin opinber og lögboðin gjöld, vinnupallar, efni, vinna, förgun efnis, virðisaukaskattur og annað sem tilheyrir verkinu.

Verkkaupi mun annað hvort taka hagstæðasta tilboði sem uppfyllir kröfur útboðsgagna, eða hafna öllum tilboðum.

Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort ráðgjafi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í grein 0.4 og í verklýsingu byggt á þeim gögnum sem talin eru upp í grein 0.6.

Verkkaupi áskilur sér rétt að kalla eftir frekari upplýsingum frá einstaka bjóðendum áður en endanleg afstaða er tekin hvort tilboðið uppfylli lágmarks kröfur.

Verkkaupi áskilur sér jafnframt rétt til að láta minniháttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Verkkaupi mun annað hvort taka hagstæðasta tilboði samkvæmt eftirfarandi matslíkani og sem uppfylla kröfur útboðsgagna eða hafna öllum tilboðum.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

0.11 Verksamningur

Gerður verður skriflegur verksamningur milli verktaka og verkkaupa. Þar kemur fram áætlaður tímarammi fyrir verkefnið sjá tímaramma í gr. 0.15.

Verktaki skal tilkynna verkkaupa skriflega um lögmætar tafir skv. ÍST - 30 jafnskjótt og þær verða að hans mati. Um slíkar tafir svo og öll ágreiningsatriði skal semja um svo fljótt sem auðið er og ganga frá skriflega.

Samningsupphæðin mun byggjast á tilboðsupphæð í afhendingu á fullbúnum stálstigum skv. verklýsingu.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að útfæra nánar útfærslu á stálstigum ásamt fyrirkomulagi á afhendingu í samstarfi við þann verktaka sem verður valinn á grundvelli útboðsins. Ljóst er að þær breytingar geta haft áhrif á endanlega samningsupphæð bæði til lækkunar og hækkunar.

0.12 Greiðslur

Reikning skal gera þegar stálstigir hafa verið afhentir verkkaupa til uppsetningar. Á reikningi komi skýrt fram **verkbeiðnanúmer** verksins og hvað af reikningsupphæð er verið að innheimta fyrir vinnu á verkstað og skal sú upphæð vera með vsk.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Sé verktaki í skuld við Reykjavíkurborg á meðan á verki stendur, áskilur Reykjavíkurborg sem verkkaupi, sér rétt til þess að ráðstafa greiðslum fyrir verk þetta til greiðslu skulda verktaka við Reykjavíkurborg.

0.13 Veðsetningar – Eignarréttarfyrrvarar

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks samþykkis verkkaupa, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir.

Efni sem verkkaupi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrrvara frá seljanda efnisins, án sérstaks samþykkis verkkaupa.

0.14 Verðlagsgrundvöllur

Tilboð skal miða við föst einingaverð. Engar verðbætur verða greiddar á samningstímanum.

0.15 Afhending og afhendingarskilmálar

Verktími hefst þegar verktaki hefur undirritað samning. Afhendingartími er tilgreindur á tilboðsblaði.

Séu vörur skemmdar við afhendingu vegna flutninga, framleiðslugalla eða annarra ástæðna skal verktaki taka við skemmdu vörunum og afhenda heilar vörur eins fljótt og mögulegt er á sinn kostnað.

Verktaki ábyrgist að vörur séu samkvæmt forskrift útboðsgagna við afhendingu.

0.16 Tafabætur

Ljúki verktaki ekki verkinu á tilskildum tíma skal hann greiða verkkaupa tafabætur sem tilgreindar eru á tilboðsblaði, fyrir hvern almanaksdag sem afhending dregst fram yfir tilskilinn tíma án lögmetra tafa.

0.17 Verktrygging

Á ekki við.

0.18 Ábyrgð verktaka

Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir, svo og því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda verkkaupa og/eða þriðja aðila á meðan verkið er unnið. Verktaka ber að kaupa og hafa í gildi tryggingu gagnvart slíku tjóni. Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, m.a. hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað.

0.19 Aðstaða, umhirða og frágangur

Á ekki við.

0.20 Gæði verksins

Vísað er til ákvæða í ÍST-30, kafla 4.3.

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd, stálstiga og allan búnað sem þarf til. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- Lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð.
- Reglur um algilda hönnun.

- Reglugerð um brunavarnir og brunamál.
- Reglugerð um hollustuhætti.
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins.
- Reglur Löggildingarstofu.
- Öryggishandbók USK vegna framkvæmda. Hægt er að nálgast hana á <http://www.reykjavik.is/rekstrarhandbokusk>.

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.21 Eftirlit verkkaupa

Á ekki við.

0.22 Ágreiningsmál

Rísi mál vegna samnings aðila skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

0.23 Efnisval og vinnuaðferðir

Í tilboði sínu skal verktaki miða verð sitt við verð á þeim vinnuliðum og efni sem útboðsgögn kveða á um.

0.24 Verklokaúttekt

Á ekki við.

0.25 Undirtilboð

Verktaka er óheimilt án samþykkis verkkaupa að láta þriðja aðila ganga inn í verðboð sitt og vinna verkið allt eða hluta þess í sinn stað. Hins vegar er verktaka heimilt að afla undirtilboða í einstaka hluta verksins. Undirverktakar eru þá ábyrgir gagnvart aðalverktaka, aðalverktaki ber ábyrgð á öllum hlutum verksins gagnvart verkkaupa. Öll ákvæði útboðlýsingar gilda jafnt um undirverktaka og aðalverktaka. Bjóðandi skal leggja fram með verðboði sínu nöfn undirverktaka sinna og einstakra iðnmeistara.

Verktaka er þó aldrei heimilt að gera einstaka starfsmenn sína að undirverktökum. Það sama gildir um undirverktaka. Þeim er óheimilt að gera einstaka starfsmenn að undirverktökum sínum. Aðalverktaki skal fá samþykki verkkaupa á öllum undirverktökum sínum.

0.26 Verkefnavefur

Á ekki við.

8.1 Stálstigi

8.1.0 Almennt

8.1.0.1 Stál

Allir hlutir úr málmum sem notaðir verða utanhúss skulu henta vel aðstæðum á byggingarstað og er höfðað til fagmennsku verktaka við mat á því hvað heppilegast sé m.t.t. viðhalds. Leita skal til eftirlitsmanns verkkaupa sé um einhver vafaatriði að ræða. Allir málmar til festinga skulu ryðvarðir eða ryðfríir. Allt stál skal vera heitgalvanhúðað eða ryðvarið á annan þann hátt sem verkkaupi samþykkir. Verktaka er ekki heimilt að sjóða saman hluta úr stálstigum eftir að þeir koma úr heitgalvanhúðun.

Öll vinna við járnsmíði skal vera fagmannlega af hendi leyst. Sérstök krafa er gerð um sléttar og lýtalausar suður.

Skrúfur, boltar og aðrar festingar skulu vera úr ryðfríu stáli, St 70 samkv. ISO 3506 (DIN 267 Teil 11). Gerð þeirra skal vera í samræmi við DIN 7991.

8.1.1 Skýring á magntölum og einingarverðum

Magn er reiknað út skv. uppdráttum. Magn er "nettó" magn stálvirkis. Magntölur taka ekki tillit til affalla né ónákvæmni undirlags. Slíkt skal innifalið í einingarverðum. Í einingarverði skal innifallinn allur kostnaður verktaka sbr. verklýsingar og staðla sem þarf til að skila fullfrágengnu verki, s.s. allt efni og vinna, festingar, efni til samsetningar, flutningskostnaður og heitgalvanhúðun.

8.1.2 Stálstigar

Um er að ræða smíði og uppsetning stálstiga milli efra og neðra Breiðholts og stálstiga í Gufunesi frá göngustíg niður í fjöru. Sjá sérteikningar VSÓ.

Í verklið skal vera fullbúinn stigi með þrepum, millipöllum og handriðum ásamt undirstöðum ofan og neðanjarðar. Teikningar með útboði þessu er til leiðbeiningar á útfærslu stiga er varðar breidd, hæð, staðsetning í plani, fjöldi þrepa o.þ.h. **Verktaki skal útfæra endanlega útfærslu byggða á teikningum með útboði ásamt efnisþykkt einstakra efnisþátta, fjölda undirstaða, skástífa og festinga ásamt öllu því sem til þarf að fullgera verkið á verkstað.**

Verkkaupi mun ráða verktaka til uppsetningar á stálstigunum á verkstað.

Stálsmíði:

Smíði stiga skal vera samkvæmt lýsingu í lið 8.1.0.1. og byggja á útfærðum teikningum hönnuða.

Tilboðsgögn þessi taka mið af því að verktaki bjóði staðlaða framleiðslu og skal hún standast alla staðla og stærðir og er efnisval og útlit háð samþykkis verkkaupa.

Miða skal við heitgalvanhúðaðan stálstiga og undirstöður með ristarþrepum og pöllum sem hafa gott hálkuvíðnám. Festingar, tengingar og undirstöður milli byggingahluta stálvirkis skal vera hönnuð af framleiðanda stigans. Við uppsetningu og frágang stiga skal hafa til viðmiðunar leiðbeiningar framleiðenda.

Allt stál skal vera heitgalvanhúðað skv. staðli ÍS/EN ISO 1461.

Bjóðandi skal útvega og áætla fjölda jarðvegsskrúfa fyrir stálstiga í Breiðholti og útvega og áætla fjölda festingar fyrir stálstiga í Gufunesi skv. teikningum. Jarðvegsskrúfur og aðrar festinga/undirstöður skal bjóðandi innifela í einingarverðum sínum í tilboðsskrá.

Til að lágmarka allt jarðrask á svæðinu undir stiga í Breiðholti verða notaðar jarðvegsskrúfur sem undirstöður fyrir stálstiga. Fyrir stálstiga í Gufunesi verður stálstigi festur við núverandi grjót í grjótnargarði með þar til gerðum skó. Skó skal bolta við stigakjálka og festa með Ø20mm teini sem er inn límdur minnst 150mm í grjót í sjóvarnargarðinum. Uppsetning er ekki hluti af þessu verki.

Magntölur og uppgjör:

Stálstigar eru mældir sem heild af teikningum. Innifalið í verði stálstiga skal vera allt efni, endanleg útfærsla og vinna við smíði á festingum og undirstöðum. Uppsetning er ekki hluti af þessu verki.